

Þriðji fundur vinnuhóps vegna móttökuáætlunar fyrir nýja íbúa í Uppsveitum Árnessýslu

Þriðjudaginn 20.02.2024 kl. 17:00-18:00

Fundarmenn : Anna Katarzyna Wozniczka fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp
Kamil Lewandowski fyrir Bláskógabyggð
Sára Annamária Herczeg fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp
Lína Björg Tryggvadóttir – Byggðapróunarfulltrúi

1. Byggðapróunarfulltrúi nýtti tækifærið til að kynna fyrir fundarmönnum Uppbyggingarsjóð Suðurlands en þar eru tækifæri til að sækja um viðburð varðandi fjölmenningu, atvinnu og menningu. Fjallað almennt um sjóðinn og hvað hægt væri að sækja í hann.
2. Þegar rætt var um greiðslur til fundarmanna þá komu upp spurningar frá sveitarfélögunum um formann nefndarinnar. Þar sem ekki hafði verið kosin formaður áður var kallað eftir að fá formann í nefndina og var Sára Annamária Herczeg frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi kosin.
3. Allir fundarmenn höfðu sent frá sér upplýsingar varðandi það sem þau telja að eigi að koma fram í móttökuáætlun. Farið létt yfir það og er næsta skref að setja það saman í skjal. Byggðapróunarfulltrúi mun sjá um að vinna skjalið. Þar sem mikið af verkefnum varðandi styrki og þess háttar liggja hjá byggðapróunarfulltrúa mun hann klára verkefnið í lok mars og senda frá sér á fundamenn til yfirferðar. Áætlað að senda fullkláraða tillögu ásamt bréfi til sveitarfélaganna í lok apríl 2024. Ýmsar upplýsingar eru komnar sem hægt er að setja á vefinn sveitir.is. Einnig mun byggðapróunarfulltrúi koma upplýsingum til Skóla -og velferðarþjónustu Árnesþings þar sem þau eru að vinna að nýjum vef og miklægt að þessar upplýsingar séu einnig aðgengilegar þar.
4. Fjallað um tillögur að fræðslu fyrir erlenda íbúa. Fundarmenn töldu mjög mikilvægt að nýbúar myndi fá aðstöðu til að hittast t.d einu sinni í mánuði til að mynda tengsl. Einnig var bent á að vinna með ráðgjafa skipti máli þar sem það væri allskonar siðir og venjur sem ekki stæðu neinstaðar en fólk þyrfti að vita af til að geta tekið þátt í samfélaginu. Bent var á að skólastarfsfólk og leikskólastarfsfólk myndu líka græða á þess konar ráðgjöf en t.d væri hægt að bjóða þeim upp á kennslu varðandi fjölmenningu, t.d varðandi samskipti og þarfir ólíkra hópa. Fjallað var um íslensku kennslu fyrir erlenda íbúa, en það er ljóst að allir græða á því að erlendir nýbúar fái kennslu svo að þeir geti tekið þátt í samfélaginu á jafningjagrundvelli. Kallað var eftir að sveitarfélögin muni taka þátt í kostnaðnum og aðstoðuðu við að fá fleiri námskeið á svæðið, en borið hefur við að ekki hafa verið í boði námskeið í langan tíma þar sem ekki er hægt að safna upp í lágmark sem sett er. Byggðapróunarfulltrúi sat fund sem SASS hafði kallað til þar sem fulltrúar Fræðslunets Suðurlands sátu og kom þar fram áhugi á að efla samstarf á milli þeirra og sveitarfélaga. Er þetta klárlega atriði sem þarf að skoða og efla þar sem efling í tungumálakennslu er ávinningur fyrir alla.

Fleira ekki gert og fundi slitið 18:00